



Almennar reglur Dalvíkurbyggðar um styrkveitingar

1. kafli.

Markmið

1. gr.

Fagnefndir Dalvíkurbyggðar og bæjarráð veita ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsörðun bæjaryfirvalda. Markmiðið með styrkjum fagnefndanna og bæjarráðs er að styðja við sjálfspróttu starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun samfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi.

2. gr.

Markmiðið með þessum reglum er að samræma styrkveitingar á vegum sveitarfélagsins og stuðla að faglegri afgreiðslu þeirra.

2. kafli.


Ábyrgð

3. gr.

Viðkomandi fagnefndir leggja til við gerð fjárhagsáætlunar árleg framlög til styrkja. Bæjarráð fer með úthlutun styrkja og gerð stærri langtímasamninga sem falla utan við verksvið fagnefnda. Bæjarráð getur þó falið einstökum nefndum að annast eftirlit og framkvæmd slíkra samninga.

4. gr.

Fagnefndir Dalvíkurbyggðar bera ábyrgð á meðferð styrkumsókna hvert á sínu sviði, úthlutun styrkja og gerð samninga samkvæmt gildandi fjárhagsáætlunum. Einstakar fagnefndir skulu gera samþykktir um markmið og vinnulag við úthlutun styrkja og gerð samninga.



3. kafli.

Meðferð og afgreiðsla umsókna og erinda

5. gr.

Við meðferð og mat á umsóknum og erindum skal viðhafa góða stjórnsýsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð. Ef um umsóknarfrest er að ræða skal meginreglan vera sú að þær umsóknir einar séu gildar sem berast innan tilsetts umsóknarfrests og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í auglýsingu.

6. gr.

Fagnefndir og bæjarráð auglýsa eftir umsóknum í samræmi við þær reglur sem í gildi eru. Ef ekki eru til sérstakar reglur um tegund umsókna og/eða erinda um styrkveitingar gilda þessar reglur.

Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um umsóknarfrest, forsendur styrkveitinga og nauðsynleg fylgigögn auk annarra hagnýtra upplýsinga. Fagnefndir geta haldið eftir hluta af samþykktri heildarupphæðar styrkja til að bregðast við umsóknum sem berast utan auglýsts umsóknartímabils, enda sé þá um að ræða umsóknir vegna atburða eða verkefna sem ekki var hægt að sjá fyrir eða skipuleggja í undanfara almennrar styrkjaúthlutunar.

Í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert auglýsir sviðstjóri fjármála- og stjórnsýsluviðs eftir erindum, umsóknum, tillögum og ábendingum íbúa, félagasamtaka og fyrirtækja í Dalvíkurbyggð um mál sem varða gerð fjárhagsáætlunar.

7. gr.

Ef um umsóknir er að ræða skal þeim skilað á þar til gerðum eyðublöðum sem skulu vera aðgengileg á vef Dalvíkurbyggðar www.dalvikurbyggd.is og í þjónustuveri bæjarskrifstofu í Ráðhúsi Dalvíkur á 1. hæð. Auk almennra upplýsinga um umsækjanda skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í umsókn:

- Markmið verkefnis eða starfsemi.
- Tíma- og verkáætlun.
- Önnur fjármögnun verkefnis eða starfsemi og gögn því til stuðnings.



- Rekstraráætlun verkefnis eða starfsemi.
- Ársreikningur.
- Aðrar upplýsingar ef við á.

Hafi umsækjendur áður fengið styrki frá Dalvíkurbyggð skulu liggja fyrir skilagreinar um nýtingu fyrri styrkja.

Ef um almennt erindi er að ræða (þ.e. ekki til sérstök umsóknareyðublöð er varðar umbeðinn styrk) þá skal tilgreina a.m.k. þau atriði sem fram koma hér að ofan sem og önnur þau atriði sem bréfitari telur rétt að koma á framfæri.

8. gr.

Þjónustuver bæjarskrifstofu tekur á móti styrkumsóknum og erindum til skráningar. Að umsóknarfresti liðnum fara sviðstjórar fagnefnda yfir umsóknir og flokka þær. Styrkumsóknir sem berast utan auglýsts umsóknartíma skulu afgreiddar næst þegar umsóknir eru teknar til afgreiðslu hjá fagnefndum. Viðkomandi fagsvið bera ábyrgð á að tilkynna umsækjendum um þá ráðstöfun.

9. gr.


Umsóknir og erindi skulu metnar með hliðsjón af:

- Markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð.
- Hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf.
- Hvort unnt sé að meta framvindu verksins.
- Hvort skilagreinar og fyrri verkefni, sem styrk hafa hlotið, uppfylli kröfur.
- Væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi.
- Fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn.
- Ársreikningi og / eða öðrum upplýsingum um rekstur og efnahag viðkomandi.

10. gr.

Sviðstjórar fagdeilda leggja umsóknir og erindi fyrir fagnefndir með rökstuddri tillögu um afgreiðslu á grundvelli samþykktra markmiða og vinnulags viðkomandi nefndar. Ef stuðst er við umsagnir ráðgefandi aðila skulu þær umsagnir jafnframt lagðar fram. Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega, með bréfi eða tölvupósti, um afgreiðslu styrkumsóknar og hvenær styrkur kemur til greiðslu ef hann er veittur.

Bæjarstjóri og sviðstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs leggja umsóknir og erindi fyrir bæjarráð á sömu forsendum og hér að ofan greinir.



Sviðstjórar eða bæjarstjóri, eftir því sem við á, þurfa að samþykkja og skrifa upp á allar styrkveitingar áður en þær koma til greiðslu.

11. gr.

Styrkveiting gildir að jafnaði fyrir yfirstandandi fjárhagsár. Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar af hálfu Dalvíkurbyggðar nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis. Við gerð slíkra samninga skal ávallt tekið fram að fjárhæðir eru með fyrirvara um framlög af fjárhagsáætlun.

Ef samningar eiga að gilda lengur en fyrir yfirstandandi fjárhagsár þá þurfa slíkir samningar að fara fyrir bæjarstjórn til umfjöllunar og afgreiðslu.

12. gr.

Dalvíkurbyggð áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.

13. gr.

Styrkþegar skulu skila greinargerð að verkefni loknu um það hvernig styrkfé hefur verið varið. Framlög Dalvíkurbyggðar sem felast í aðstöðu og/eða húsnæði skuli metin skv. reiknireglum Dalvíkurbyggðar og sveitarfélaga um innri leigu Eignasjóðs og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi starfsári. Þeir aðilar sem njóta styrkja frá Dalvíkurbyggð skulu láta þess getið í kynningarefni sínu.



4. kafli.

Gildistaka

14. gr.

Reglur þessar taka gildi frá og með samþykkt í bæjarstjórn

Reglurnar verða endurskoðaðar eftir eitt ár frá gildistöku þeirra.

Samþykkt á 621. fundi bæjarráðs þann 15. mars 2012.

Samþykkt á 234. fundi bæjarstjórnar þann 20. mars 2012.